



## Alþýðusamband Íslands

### Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars

Á þingi ETUC, Evrópusamtaka verkalýðsfélaga, sem haldið var í Sevilla í maí 2007 var samþykkt að auka völd og áhrif kvenna innan aðildarsamtakanna. Skoðanakönnun um þátttöku kvenna í starfi aðildarsamtaka ETUC er eitt af þeim verkefnum sem ákveðið var að ráðast í. Könnunin verður gerð í febrúar ár hvert og niðurstöðurnar birtar á baráttudegi kvenna 8. mars.

Könnunin nú náði til 82 aðildarfélaga ETUC í 36 Evrópulöndum. 46 aðildarfélög í 28 löndum sendu inn upplýsingar. Markmið könnunarinnar var að skoða fjölda kvenna meðal félagsmanna einstakra landssambanda og stöðu þeirra innan hreyfingarinnar. Í ljós kom að 18 landssamtök staðfestu að konum hafi fjölgað meðal félagsmanna á seinustu 12 mánuðum, allt frá 0,2% - 2,5%. Í mörgum tilfellum hefur konum fjölgað í samræmi við það að körlum hefur fækkað, sem gefur til kynna að konum sé að fjölga á vinnumarkaði í Evrópu.

#### Konur til áhrifa

Í könnuninni kom fram að einungis 4 konur eru í forystu fyrir verkalýðshreyfingar, en árið 2007 voru þær 7 talsins. Norðurlöndin koma betur út úr slíkum samanburði en önnur lönd í Evrópu og er greinilegur munur er á milli norður og suðurs, norðrinu í vil. Þó að aðild kvenna aukist innan verkalýðshreyfingarinnar gengur þeim mjög hægt að komast til áhrifa, glerþakið er sannarlega til staðar innan raða aðildarsamtaka ETUC og í einstaka tilfellum virðist það styrkjast samkvæmt könnuninni. Breytingar eiga sér stað en þær gerast mjög hægt.

#### Breyting á þátttöku

16 samtök sögðu að engin breyting hefði orðið á fjölda kvenna frá 2007, 8 samtök sögðu konum sem félagsmönnum hafa fækkað og 18 sögðu að konum hefði fjölgað innan þeirra raða. Í 8 samtökum þar sem konum fækkaði taldist fækkunin vera á bilinu 0,2% - 5%. Í sumum tilfellum má þó rekja fækkunina til almennrar fækkunar á stéttarfélagsaðild. Það sama má segja um aukninguna (0,2% - 2,5%) í sumum tilfellum má rekja hana til almennrar fjölgunar meðlima. Í ljós hefur komið að konur frekar en karlar kjósa að vera félagar í stéttarfélögum og er fjölgun kvenna því mikilvægur þáttur í að styrkja baráttu launafólks á vinnumarkaði.

#### Kynbundinn launamunur

Jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf er mál málanna meðal þeirra aðildarsamtaka ETUC sem svöruðu könnuninni. Nokkuð stór hópur taldi launamun kynjanna vera mun meiri en opinberlega hefur verið gefið í skyn hjá ESB. Því sé mikilvægt að leggja áherslu á jafnlaunastefnu í kjarasamningum, starfsmati og öðrum þáttum er varða samþættingu. Nokkur aðildarsamtök hafa þegar hafist handa við að gera breytingar til að auðvelda konum að komast til áhrifa innan samtakanna.

Sjá skýrslu [http://etuc.org/a/5827?var\\_recherche=8%20march%20survey](http://etuc.org/a/5827?var_recherche=8%20march%20survey)

Marianna Traustadóttir

sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum [marianna@asi.is](mailto:marianna@asi.is)